1. tbl. 19. árg. - Desember 2015

HEYRNARHJÁLP

fréttabréf

Þjóðfélagið ekki vænt heyrnarlausum – bls. 10

Þurfum að láta í okkur heyra – bls. 8

Þjónustan þarf að vera heildstæð – bls. 5

Mjökumst í rétta átt

– bls. 13

Heyrnarhjálp – Fréttabréf

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Heyrnarhjálp
Félag heyrnarskertra á Íslandi
Langholtsvegi 111 – 104 Reykjavík
Sími: 5515895 – Fax: 5515835
Tölvupóstfang: **heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is**
Veffang: **www.heyrnarhjalp.is**
Ritstjóri: Kolbeinn Óttarsson Proppé **kolbeinnproppe@gmail.com**
Hönnun og umbrot: Halldór B. Kristjánsson **leturval@litrof.is**
Prentun: Litróf ehf
Forsíðumynd: Bernhard Kristinn

Efnisyfirlit

3. Settu heyrnina í forgang
4. Sjáumst – Ávarp formanns
5. Heildstæð þjónusta lykill að bættum lífsgæðum
8. Heyrnarskertir þurfa að láta heyra í sér
10. Þjóðfélagið er ekki vænt fyrir heyrnarskerta
13. Stefnum í rétta átt – þó hægt fari
16. Aðalfundur og þemadagar 2015
21. Er dálítill aktívisti í mér

Félagsgjald

Heyrnarhjálp minnir félaga sína á félagsgjaldið sem er 1.500 kr. og á að leggjast inn á reikning **0101-26-777168 – kt. 600169-5489**.

Skráið netföng – tilkynnið flutning

Félagsmenn eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna netföng og breytt heimilisföng til félagsins í síma 5515895 eða á netfangið **heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is**

Heyrnarhjálp sendir öllum samstarfsaðilum sínum, félögum og stuðningsmönnum hugheilar jóla- og nýárskveðjur og þakkar liðið ár

HEYRNARHJÁLP

er félag heyrnarskertra á Íslandi, þeirra sem misst hafa heyrn að hluta eða alveg og fólks sem þjáist af eyrnasuði eða öðrum vandamálum er snúa að heyrn.
Að félaginu koma líka aðstandendur og aðrir áhugamenn um málefni heyrnarskertra.

Skrifstofan er opin frá kl. 9-12 alla virka daga nema föstudaga.

Settu heyrnina í forgang

Ágæti félagsmaður og aðrir lesendur.

Barátta Heyrnarhjálpar fyrir bættum hag þeirra sem búa við skerta heyrn felst ekki síst í því að fá fólk til að taka ábyrgð á eigin líðan. Eftir því sem ég vinn lengur að þessum málum finn ég meira fyrir því hvað það er erfitt fyrir fólk að halda reisn sinni þegar heyrnin versnar og hverfur.

Fálæti samfélagsins er líka með ólíkindum þegar kemur að þessari fötlun.

Það finnst mér stórmerkilegt í ljósi þess hve þjóðin mín er samúðarfull þegar kemur að svo mörgu öðru. Safnanir og fjáraflanir eru fastir liðir í samfélaginu. Vandamál heimsins og uppákomur í fjarlægum löndum rista inn að beini. Þá finnst okkur mjög mikilvægt og sjálfsagt að sýna skilning og umburðarlyndi, ljá hjálpssemi og gefa gjafir. Þá opnar fólk hjarta sitt, land, heimili og jafnvel budduna líka til að láta gott af sér leiða. Það er vel og vert að þakka það en hvers eigum við að gjalda sem höfum ýmissa hluta vegna tapað stórum hluta af heyrninni og er þess vegna haldið frá mikilvægum þáttum daglegs lífs.

Það tap hefur skert okkur verulega bæði hvað varðar snerpu og skemmtilegheit.

Auðvitað má segja að við, mörg hver, berum ábyrgð á því sjálf að heyrnin skemmdist.

Ef til vill fannst okkur gaman þegar tónlistin var í botni og hávaðinn í vinnunni þannig að það varð að kallast á innanhúss. Þegar við erum ung og hraust er það svo fjarstæðukennt að maður sé að skemma sinn eigin líkama með hávaða. Reyndar var ekki mikið rætt um þessa hættu í gamla daga.

Þá var ríkjandi sú hugsun að þeir sem voru heyrnarskertir væru bara gamlir og leiðinlegir. Í dag vitum við betur. Við vitum að of mikill hávaði í of langan tíma skemmir heyrnina varanlega. Við vitum að eitt skot eða ein veiðiferð getur gert það líka. Eyrnasuð eftir tónleikaferð getur verið komið til að vera.

Við vitum líka að daglegt umhverfi skóla- og leikskólabarna getur verið við hættumörk. Já við vitum ýmislegt og ef við erum ábyrg þá komum við þeirri þekkingu áfram til þeirra sem yngri eru. Við bjóðum ekki ungum afkomendum okkar upp á heyrnarskerðingu. Við grípum inn í aðstæður og forðum þeim eftir bestu getu frá þessari vá eins og öllum öðrum voða.

Ég heyrði reyndar sögu af ungu barni sem ussaði á ömmu sína, sem liggur jafnan hátt rómur og sagði „uss amma, notaðu inniröddina". Þetta barn hefur verið á góðum leikskóla þar sem börn eru vanin á að tala lægra þegar þau eru inni.

Við erum flest orðin nokkuð vön snjallsímatækni þar sem hægt er að hlaða niður ýmsum forritum. Þar á meðal eru öpp sem mæla hávaða í umhverfinu. Eitt þeirra er „Sound Meter" og með einu handtaki má mæla hávaðann í umhverfinu.

Við erum líka fljót að tileinka okkur ný heyrnartæki sem eru orðin mjög fullkomin án þess að vera flókin. Við getum bætt okkar hag með þeim þó ekkert komi í stað heyrnar eins og hún var upphaflega. En til að allir geti veitt sér þau þarf að niðurgreiða kaupin verulega.

Nýlega var styrkur til tækjakaupanna hækkaður úr kr. 30.800,- í kr. 50.000,- á hvert tæki. Ef vel ætti að vera ættu heyrnartæki að vera ókeypis hér eins og t.d. í Finnlandi.

Við munum berjast fyrir því að svo verði í framtíðinni. Líka fyrir rittúlkun, textun á allt íslenskt sjónvarpsefni, og allar íslenskar kvikmyndir svo eitthvað sé nefnt.

En fyrst og fremst skulum við setja heyrnina í forgang með forvörnum og með því að nota heyrnartæki. Þannig getum við haldið okkur í sambandi við ástvini, samfélagið og hvert annað, eins lengi og við viljum.

Ég hvet þig ágæti lesandi til að taka þátt í baráttunni með okkur, því þess fleiri sem við erum þess meira áhrif hljótum við að hafa á ráðamenn þjóðarinnar.

Við heyrumst.

Með kærleikskveðju

Kolbrún Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri.

Sjáumst – pistill formanns

Þekkingarskortur getur verið fóður fyrir ímyndunaraflið, þar sem hugurinn fyllir út í það sem við ekki vitum. Býr til ævintýri um fjarlæg lönd og líf á öðrum plánetum, ferðast um ókönnuð hafsdjúp og heilsar upp á framandi þjóðflokka. En skortur á þekkingu hefur líka sínar skuggahliðar, þar sem hræðsla, skilningsleysi og fordómar leika lausum hala.

Það er ekki svo langt síðan að þroskaskertir einstaklingar voru flestir geymdir á lokuðum stofnunum og vandlega passað upp á að þeir sæjust ekki alltof oft á förnum vegi. Flestir vissu lítið um þennan hóp, en margir fylltu upp í þekkingartómið með ranghugmyndum og fordómum. Í dag er staða þroskaskertra mikið breytt til hins betra þótt ýmislegt megi betur fara, en mikilvæg forsenda þessarar jákvæðu þróunar var að gera þroskaskerta sýnilega og eðlilegan hluta af daglegu lífi. Þegar allur almenningur fékk tækifæri til að kynnast þessum hópi af eigin raun varð það fljótt til þess að bæði ranghugmyndir og fordómar hörfuðu og staða þroskaskertra batnaði.

Saga þroskaskertra á Íslandi er ekkert einsdæmi, en flestar tegundir fötlunar hafa á einhverjum tíma verið ofurseldar skilningsleysi, ranghugmyndum og fordómum og eru það jafnvel enn í dag. Heyrnarskerðing er þar ekki undanskilin, en staðan í dag er ennþá langt frá lagi. Lítill skilningur og fordómar birtast í almennu tillitsleysi við heyrnarskerta, lélegri þjónustu og engri þolinmæði gagnvart þessum hópi. Og þetta er staðan þrátt fyrir að í dag séum við í betri stöðu til að koma til móts við heyrnarskerta og nýta hæfileika þeirra heldur en nokkru sinni áður í mannkynssögunni.

Baráttan fyrir bættri stöðu heyrnarskertra er mikilvægasti þátturinn í starfi hagsmunasamtaka og þar með talið Heyrnahjálpar, en það sem myndi hjálpa mest í þeirri baráttu er ef allir heyrnarskertir myndu leggja sig fram um að verða sýnilegri. Hætta að fyrirverða sig fyrir fötlun sína og reyna að fela hana, heldur auglýsa hana svo ekki verði fram hjá þeim gengið. Hætta að fela heyrnartækin og gera þau frekar að skarti. Óhikað biðja fólk um að tala skýrt og endurtaka það sem ekki heyrðist. Kalla óhrædd eftir rittúlkun þar sem slíkt er besta leiðin til að fylgjast með og vera ófeimin við að tjá sig um fötlunina og hvernig hægt sé að haga aðstæðum þannig að hún hætti að vera fötlun.

Þegar heyrnarskertir eru farnir að sjást almennilega mun þekking á skerðingunni vaxa, fordómar minnka og viðhorfin breytast meðal almennings. Hagsmunabaráttan mun ekki lengur þurfa að byrja á því að útskýra alltaf alla hluti fyrir valdhöfum og hún mun njóta aukins skilnings og stuðnings almennings. Það er nefnilega nokkuð öruggt að flestir ef ekki allir eiga sér einhvern nákominn sem glímir við heyrnarskerðingu þótt þeir geri sér ekki grein fyrir því í dag.

Sjáumst!

Hjörtur H. Jónsson, formaður Heyrnarhjálpar

Stjórn Heyrnarhjálpar

Stjórn Heyrnarhjálpar, talið frá vinstri: Grétar Snær Hjartarson, Sigrún Magnúsdóttir, Hjörtur Jónsson formaður, Klara Matthíasdóttir ritari, Tómas Hallgrímsson varamaður, Ingólfur Már Magnússon varaformaður, Atli Ágústsson varamaður.

Heildstæð þjónusta lykill að bættum lífsgæðum

Fjóla – félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu berst fyrir réttindum daufblindra. Félagið var stofnað fyrir 21 ári og framkvæmdastjóri þess er Guðný Einarsdóttir. Heyrnarhjálp tók tal á Guðnýju og frræddist um starfsemi Fjólu og hagsmunamál félagsmanna.

Daufblindrafélag Íslands var stofnað árið 1994 og árið 2011 var nafni þess breytt í Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Stofnendur voru fimm, fólk sem hist hafði á táknmálsnámskeiði á vegum Samskiptamiðstöðvar fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta.

„Það var mikill samhugur og ákveðið var að stofna félagið. Í dag eru félagar 40 og skiptast í aðalfélaga (17), sem er fólk með samþætta sjón- og heynarskerðinu eða foreldrar barna með slíka skerðingu, og styrktarfélaga (23)," segir Guðný.

Þrátt fyrir fámennið hefur alltaf verið heilmikill kraftur í félaginu og það haft ráðgjafa í hálfu starfi frá upphafi.

Við sinnum ráðgjöf til félagsmanna, en mikil þörf er á því. Kerfið er mjög flókið og leita þarf eftir allri þjónustu. Erfitt getur reynst að nálgast aðgengilegar upplýsingarum um réttindi og lífeyrismál fólks, og þær eru víða. Þá kemur fólk til okkar og við reynum að finna lausnir og beina fólki á rétta staði og beiðnirnar geta verið af mjög ólíkum toga.

Oft og tíðum verða breytingar á aðstæðum, þegar sjón eða heyrn hrakar, og þá þarf fólk að fá upplýsingar um hvert það á að snúa sér. Þá þarf að beina því í réttan farveg, en ég er í sjálfur sér ekki í því að leysa einstök mál sjálf, heldur beini þeim til félagsráðjafa, til Heyrnar- og talmeinastöðvar, félagsþjónustu sveitarfélaganna eða hvert þangað sem erindið á heima.

Fólk kann vel að meta að farið sé með því á fundi, en þá er ég bara eins og fluga á vegg og skrifa niður punkta svo hægt sé að ræða um fundinn á eftir. Margir félagsmanna eru einstæðingar og þá er enn mikilvægara að hafa einhvern í bakhöndinni til aðstoðar við slíkar aðstæður.

Gríðarlega flókið kerfi

Guðný segir að stór hluti af starfinu felist í því að mynda tengsl og vera til staðar félagslega.

„Hingað á skrifstofuna koma tveir til fimm félagsmenn á hverjum degi, bæði með erindi en líka til að spjalla. Ég er því í ágætis tengslum við félagsmenn. Það hefur verið ákveðin stígandi í hagsmunabaráttunni frá alþjóðlegum baráttudegi daufblindra, 27. júní, í fyrra. Þá fengum við fyrirlestra frá öllum þriðja stigs ríkisstofnunun um þjónustu sem er í boði"

Slíkt er nauðsynlegt, þar sem staðan er sú að ef þú ert með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu þá þarftu að leita til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daublinda einstaklinga vegna sjónarinnar, þú þarft að fara á Heyrnar- og talmeinastöð vegna heyrnarinnar og svo á Samskiptamiðstöð vegna táknmáls- eða túlkunarmála og allrar kennslu í kringum það. Börnin eru svo á Greiningarstöðinni, þannig að þetta er mjög flókið.

Við viljum sjá meiri samvinnu og samþættingu á þjónustu milli sérfræðistofnana sem veita fólki þjónustu. Það er búið að koma á fót greiningarteymi sérfræðinga frá stofnunum, sem er mjög jákvætt. Þjónustan þarf hins vegar að verða heldstæðari. Þú ert ekki annars vegar með skerta heyrn og hins vegar með skerta sjón. Þú ert manneskja með flóknar þarfir og þörf fyrir einstaklingsmiðaðar lausnir.

Greiningarteymið er nýtt af nálinni, það var stofnað í fyrra. Guðný segir gríðarlega mikilvægt að um leið og

komi í ljós, í greiningarferlinu, að eitthvað þurfi að laga hjá fólki sé gengið í verkið. Ekki megi bíða einhverrar skýrslu, heldur þurfi að hugsa allt út frá þörfum einstaklingsins. Greiningin á að vera lifandi ferli. Hún nefnir þjónustumiðstöðvar félagsþjónustu sveitarfélaganna sem dæmi, en þar megi víða taka til hendinni. Bæta þurfi þjónustuna og aðlaga hana þörfum fólks.

Daufblindu er gjarnan skipt í tvennt; annars vegar meðfædda daufblindu og hins vegar síðdaufblindu. Langstærsti hluti þeirra sem fá síðdaufblindu eru eldri borgarar, sem missa sjón og heyrn með aldrinum. Afleiðingar þess eru að erfitt er fyrir viðkomandi að nálgast upplýsingar, eiga samskipti og komast frjálst um í samfélaginu. Segja má að daufblinda hafi áhrif á nánast allt í daglegu lífi fólks. Viðeigandi hjálpartæki og endurhæfing hefur því allt að segja þegar aðlagast þarf að sjón og heyrnarmissi. Það er mjög gaman að fylgjast með hvernig réttar lausnir hafa mikið að segja fyrir fólk

Flókið kerfi er fjötur um fót

Aðgengi að umsóknareyðublöðum á netinu hjá opinberum stofnunum er ekki gott og fyrsta skrefið er oft að aðstoða fólk við að fylla út og senda umsóknirnar.

„Flestir félagsmenn okkar búa í Reykjavík og fólk sem er 67 ára fær ekki liðveislu, nema það hafi verið komið með þá þjónustu fyrir 67 ára aldurinn," segir Guðný.

Ef þú sækir um liðveislu hjá Reykjavíkurborg eftir 67 ára aldur byrjarðu á því að fá nei. Þá er hægt að skjóta málinu til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem annað hvort endurskoðar ákvörðun þjónustumiðstöðvar eða styður hana. Velferðarsvið sendir bréf þar sem bent er á að fólk geti fengið rökstuðning fyrir synjun ef það óskar þess. Sé það gert færðu rökstuðning sendan bréfleiðis nokkrum vikum síðar. Einnig er hægt að skjóta málum til úrskurðarnefndar húsnæðis og velferðarmála hjá Velferðarráðuneytinu. Svona virkar kerfið. Við erum með eitt mál á leið í meðferð hjá okkur núna, en ferlið er mjög flókið og það þarf 2–3 sett af lögum og reglugerðum til að átta sig á tilvísunum í lögin í þessum bréfum. Fyrir almenning eru þessi bréf flókin og þarna grípum við inní og aðstoðum fólk. Við höfum líka lögfræðing ÖBÍ okkur til aðstoðar í svona málum.

Á sama tíma bregst enginn hjá þjónustumiðstöðinni við því að fólk sé í vanda.

Skipulagið í baráttunni

Líkt og áður segir lagði Fjóla í vegferð í fyrra til að berjast fyrir bættum réttindum félagsmanna sinna. Guðný segir að félagsmenn hafi ákveðið að beina spjótum sínum að fimm baráttumálunum næstu ár og unnið er markvisst að framgangi þessara mála.

Virðing
Við óskum eftir því að komið sé fram við okkur af virðingu. Og virðing felst í gagnkvæmu samtali og viðbrögðum við því sem við segjum. Við viljum að það sé hlustað á okkur og að erindum okkar sé svarað. Fólk með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu er fámennur hópur þannig að það á að vera hægt að gera vel. Þannig að við ætlum að bæta tengsl okkar við stjórnvöld og aðila í félagsþjónustunni.

Túlkaþjónusta
Túlkaþjónustu teljum við grunn mannréttindi fyrir fólk sem sér og heyrir illa. Við viljum að túlkaþjónusta sé í samræmi við þarfir og óskir þeirra sem hana þurfa.

Hjálpartæki
Við viljum að gjaldskrá varðandi heyrnartæki og heyrnarhjálpartæki verði endurskoðuð. Og að þau verði án endurgjalds fyrir fólk með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Félagsleg þjónusta
Að NPA verði lögfest og standi daufblindu fólki til boða óski það

Af hverju ákvaðst þú að hlaupa til styrktar Heyrnarhjálp?

Högni Kristjánsson:
„Heyrnarhjálp og Félag Heyrnarlausa eru félagasamtök sem ég ávallt styð undantekningarlaust í fjáröflun fái ég tækifæri til. Ég veit hvað þjónusta þeirra skiptir miklu máli svo og hagsmunabarátta fyrir einföldustu réttindum og greiðara aðgengi að tækni og tækjum sem gera einstaklingum sem á þurfa að halda kleift að vera þátttakendur á jafnréttisgrundvelli í samfélaginu. Reykjavíkurmaraþon er ein leið til að leggja sitt af mörkum."

Hópmálssókn á hendur ríkinu

Það vakti mikla athygli þegar Snædís Rán Hjartardóttir vann mál á hendur ríkinu fyrir að veita henni ekki þá túlkaþjónustu sem hún þarf. Ríkið bar við fjárskorti, en héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði að með þessu hefði ríkið brotið á rétti Snædísar og dæmdi henni rúmlega 550 þúsund krónur í miskabætur. Snædís Rán Hjartardóttir fékk hvatningarverðlaun ÖBÍ árið 2015 vegna baráttu sinnar og fjölmiðlaumfjöllunar.

þess og að þeim sem ekki vilja NPA standi til boða góð félagsleg þjónusta, veitta af þekkingu og af hæfum samskiptafélögum.

Fjármál
Við, líkt og önnur hagsmunafélög, erum alltaf að leita leiða til að afla fjár til að halda rekstrinum gangandi.

Félagslífið

Guðný segir að þátttakan í viðburðum félagsins sé mjög góð og félagið skipti mjög miklu máli fyrir félagsmenn. Þá er samstarf við önnur félög ekki síður mikilvægt.

Við ætlum að halda áfram því góða samstarfi sem við höfum átt bæði við Heyrnarhjálp og Félag heyrnarlausa. Það er mikilvægt því ég held að okkur vanti sterkan lobbýisma gagnvart stjórnvöldum hvað varðar bætt réttindi fyrir heyrnarskert og heyrnarlaust fólk og fjölskyldur þeirra. Það verðum við að gera saman.

Það er búið að leggja mikla vinnu í að kortleggja þarfir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra á Íslandi. Sú vinna hófst árið 2010 og lauk með framkvæmdaáætlun í fyrra.

Bætt þjónusta við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga var birt 2011 og þar er skýr þarfagreining og allir hagsmunaaðilar komu að þessari vinnu; sérfræðingar, aðstandendur, félagsþjónustan, ráðuneytin o.s.frv. Það eru allir meðvitaðir um það ástand sem er í þessum málaflokk. Það ættu allir að vita hvað þarf að gera og hverjir þurfa að gera það. Í framhaldi af skýrslunni var gerð framkvæmdaáætlun sem byggir á henni, en við fregnum lítið af örlögum hennar í stjórnkerfinu. Enn og aftur virðist ekkert eiga að gera, þar stendur hnífurinn í kúnni, þ.e. hjá fjárveitinga- og framkvæmdavaldinu í landinu.

Af hverju ákvaðst þú að hlaupa til styrktar Heyrnarhjálp?

Hildur Björk Jónsdóttir:
„Ég hljóp fyrir Heyrnarhjálp í fyrsta sinn í fyrra (árið 2014) og svo aftur í sumar. Afhverju Heyrnarhjálp? Því er fljótsvarað, ég er sjálf mikið heyrnarskert og missti stóran hluta af heyrninni á öðru ári. Hef alltaf notað heyrnartæki og finnst það bara töff. Ég þekki sjálf mikilvægi þess að heyrnarskertir hafi gott aðgengi að textuðu efni þar sem ég fór í gegnum háskólanámið með rittúlk og hefði líklega ekki getað það öðruvísi. Mér finnst skipta mjög miklu máli að sem flest sjónvarpsefni sé textað, ekki bara fyrir okkur sem eru heyrnarskert, en líka aldraða og fólk sem er að ná valdi á íslensku. Svo textun er algjörlega málið!"

Ég tók þátt í þessari vinnu fyrir hönd Fjólu ásamt Hafdísi Tryggvadóttur fyrirrennara mínum í starfi. Við ásamt félagsmönnum bundum miklar vonir við þessa vinnu og satt best að segja er þögn stjórnvalda mér mikil vonbrigði.

Við hjá Fjólu höldum áfram okkar góða starfi og von okkar er að það takist að mynda sterkt hagsmunabandalag með öðrum félögum sem eru að vinna að svipuðum markmiðum og að við og náum í gegn góðum réttarbótum í þágu fólks sem er döff, með skerta heyrn og samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á Íslandi.

Merki heyrnarskertra

Aðgengi ehf hefur nýlega gert samstarfssamning við danska félagið Tilgængelighed for alle (FTA) sem rekur Merkjakerfið og leitarvélina **http://www.godadgang.dk**

Merkjakerfið gengur út á að búið er að greina fatlanir/skerðingar í sjö flokka og hver flokkur á sitt merki. Til að starfsemi geti fengið merki þarf staðurinn að uppfylla lágmarkskröfur sem aðildarfélög fatlaðra á Íslandi hafa samþykkt. Til að forðast allan misskilning þá er ekki verið að meta aðgengi eftir gildandi byggingarreglugerð heldur aðeins hvort hægt sé að komast um og nýta aðstöðuna. Til dæmis uppfylli staðurinn lágmarkskröfur fyrir hjólastólaaðgengi fær hann merki fyrir þann flokk. Aðgangsmerkjakerfið er vottað gæðakerfi.

Merki heyrnarskertra er eitt af merkjunum í upplýsingaveitu Access Iceland / **www.Gottadgengi.is**. Leitast er eftir að gefa upplýsingar um aðgengi heyrnarskertra að byggingum með því að birta upplýsingar á veraldarvefnum þannig að fólk geti vitað að hverju það gengur áður en það leggur af stað. Til dæmis eru gefnar upplýsingar um hvort það sé tónmöskvi á staðnum eða annar búnaður sem hægt er að fá lánaðan eða færa á milli rýma.

Einnig eru gefnar leiðbeiningar um hvað þarf að hafa í huga til að uppfylla lágmarkskröfur um aðgengi fyrir fólk með heyrnarskerðingu. Beiðni um nánari upplýsingar og fyrirspurnir má senda á **info@AccessIceland.is**

Heyrnarskertir þurfa að láta í sér heyra

Sigrún Agnes Njálsdóttir vakti nokkra athygli á síðasta aðalfundi Heyrnarhjálpar, en þar brýndi hún heyrnarskerta til dáða og hvatti þá til að berjast fyrir réttindum sínum. Sigrún hefur verið gift heyrnarskertum manni í 40 ár og missti nýverið sjálf heyrn á öðru eyranu.

Sigrún Agnes segir að hún hafi ekki getað setið á sér á aðalfundinum og viljað hvetja heyrnarskerta til að láta heyra meira í sér. Henni hafi verið hugsað til málsháttarins „Greindur nærri getur, en reyndur veit þó betur," og litið svo á að reynsla hennar af því að endursegja fundi, samtöl í veislum og ýmislegt fleira fyrir mann sinn, auk þess að hafa sjálf tapað heyrn, hafi gefið henni innsýn í þessi mál og hún hafi viljað nota hana til góðs.

„Það sem ég hef gagnrýnt heyrnarskerta mjög fyrir í gegnum tíðina, og hef síðan fundið brenna á sjálfri mér eftir að heyrnin fór hægra megin hjá mér, er hvað heyrnarskertir eru lágvær og þögull hópur. Þetta er ekki þrýstihópur, hann lætur ekki heyra í sér að neinu marki og það er það sem mér finnst að þurfi að breytast."

Sigrún Agnes segir að heyrnarskerðing virðist því miður enn vera mikið feimnismál. Margir veigri sér jafnvel við því að fá sér heyrnartæki og enn fleiri veigri sér við því að biðja um að fyrirkomulagi sé breytt svo þeir heyri betur, til dæmis með því að fólk sitji þannig að sjáist framan í það, tali hægar og fleira í þá veru.

„Heyrnarskerðing er ekkert til að skammast sín fyrir, þetta er ekki eitthvað sem fólk velur sér. Þetta er hins vegar fötlun sem vekur ekki neina sérstaka samúð, við skulum bara tala tæpitungulaust. Það er enn þannig í dag að það er allt í lagi, innan gæsalappa, að gera grín að þeim heyrnarlausu og heyrnarskertu. Ég held því fram, og hef kannski þótt svolítið grimm með það, að heyrnarskertir sjálfir eigi að vera duglegri við að vekja athygli á þessu."

En hvernig eiga heyrnarskertir að berjast fyrir hagsmunum sínum?

„Það er engin töfralausn til. Það verður hins vegar að halda fólki við efnið. Til dæmis að krefjast rittúlkunar þar sem þeir þurfa á því að halda á fundum og í alls kyns félagsstarfi. Ég veit að það er erfitt, vegna þess að það eru mjög fáir rittúlkar, en ef þörfin er sýnileg, ef þörfin er virkilega uppi á borðum, þá verður kannski gert eitthvað í hlutunum. Síðan er svo margt sem má í rauninni laga með svo lítilli fyrirhöfn; að birta ræður á skjá, varpa upp og þess háttar. Tæknin er til staðar, við þurfum bara að nota hana.

Þetta er eiginlega númer eitt, tvö og þrjú. Síðan þurfa þeir sem eru í einhverri aðstöðu til að hafa áhrif á pólitíkusa að gera það, lobbýismi eða hvað við köllum það."

Opinská um eigin mál

Fyrir nokkrum árum fékk Sigrún Agnes vírus og heyrnin fór að hluta til á hægra eyrnu. Ofan í það fékk hún tinnitus og tæpum sex árum eftir að hún varð fyrst vör við þetta fór heyrnin alveg á því eyra. Eyrað er alveg dautt og hún getur ekki notað heyrnartæki. Sigrún hefur gætt þess að vera opinská með þessi mál.

„Þar bý ég auðvitað að hjónabandi mínu með heyrnar-

skertum manni. Ég var kannski fljótari að átta mig á ýmsu en aðrir sem lenda í þessu. Ég er alveg órög við að vekja máls á þessu. Ég bið fólk að skipta um sæti við mig svo ég sjái framan í það og vel mér gjarnan sæti þannig að ég snúi undan birtu og jafnvel við enda á borði ef það eru margir að borða saman, svo ég sjái framan í fólk.

Maðurinn minn var í raun alls ekki opinskár með sína heyrnarskerðingu mörg fyrstu árin. Það var ég sem skammaðist, það var ég sem ýtti, en hann var hins vegar ótrúlega duglegur að nota tæki, alveg frá fyrsta degi. Hann tók þá ákvörðun að hann ætlaði að nota sér tæki og fann náttúrulega strax breytinguna. Hann er búinn að vera heyrnarskertur frá því að hann var barn, en það var í raun ekkert gert í því fyrr en hann stálpaðist.

Ég sé það bæði hjá honum, systkinum hans og fleirum sem ég kannast við með heyrnarskerðingu, að það ríkti, og ríkir enn, mikil feimni gagnvart þessu. Það er eiginlega ekki fyrr en á allra síðustu árum að fólk er farið að upplýsa að það sé reyndar með heyrnartæki. Konur greiddu yfir og karlmenn jafnvel líka á meðan tískan leyfði það. Maðurinn minn var lengi vel alls ekki nógu harður í því að krefjast þeirrar aðstoðar, eða þeirrar athygli, sem hann þó átti rétt á, þó það hafi breyst síðustu árin."

Stutt í fordómana

En hvernig hefur þetta breyst í gegnum árin, er samfélagið ekki að þroskast þegar kemur að viðmóti gagnvart heyrnarskerðingu?

„Jú, við erum nú reyndar að gera það. Mér hefur fundist í gegnum tíðina að viðmótið sem maðurinn minn hefur mætt hafi almennt verið frekar slæmt. Það hefur ríkt skilningsleysi og þekkingarleysi. Fólki verður reyndar ekki legið sérstaklega á hálsi fyrir það að vita það ekki að þó þú setjir upp heyrnartæki heyrirðu ekki fullkomlega, bara vegna þeirra.

Ég held að það sé voðalega stutt í þessa gömlu fordóma, að það sé eitthvað samasemmerki á milli þess að vera heyrnarskertur og vera illa gefinn. Krakkar með heyrnarskerðingu eru földu börnin í kerfinu. Það er ekki nokkur vafi á því að maðurinn minn hefði farið í annað og lengra nám hefði verið hugað að þessu fyrr."

Sigrún Agnes segir alveg ljóst að heyrnarskerðing hafi hamlað fólki, sérstaklega fyrr á tímum. Í dag sé þessum málum betur sinnt og nefna megi nýburaskimun því til sönnunar. En enginn velur sér að verða heyrnarskertur.

„Ég get ekki sagt að ég hafi fundið fyrir neinum fordómum gagnvart minni heyrnarskerðingu. Ég segi fólki bara, „Æ, fyrirgefðu, varstu að tala við mig? Þú verður að fyrirgefa en ég heyri bara ekkert hérna megin." Og ég mæti bara velvilja, en kannski vegna þess að ég reyni að passa mig á því að vera opin.

Ég valdi þetta ekki, þetta bara gerðist, en ég verð líka að reyna að gera það besta úr því."

Þarf lengri prufunartíma

Heyrnartap uppgötvast yfirleitt hjá háls-, nef og eyrnalækni eða þegar að fólk fer beint á Heyrnar- og talmeinastöðina eftir að það verður vart við að heyrnin hefur skerst. Sigrún Agnes lýkur lofsyrði á þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, þó hún sé of fáliðuð, og hún hefur ágæta reynslu af einkageiranum líka. Hún segir hins vegar mikilvægt að prufunartími fyrir heyrnartæki verði lengdur.

„Hefði ég getað notað heyrnartæki þegar ég missti heyrnina á hægra eyranu hefði einkarekinn sölustaður aðeins boðið mér upp á að prófa tækið í eina viku, sem er náttúrulega bara alls ekki nóg. Heyrnar- og talmeinastöðin býður þér að prófa tækin í mánuð, en þú verður reyndar að leggja út fyrir þeim og færð endurgreitt ef þú ekki getur notað þau.

Vika segir ekki neitt. Ég sé það til dæmis hjá manninum mínum þegar hann skiptir um tæki. Hann er náttúrulega orðinn reyndur tækjanotandi og skiptir um á 3-4 ára fresti, en það tekur alltaf pínulítinn tíma að venjast nýjum tækjum, hvað þá fyrir manneskju sem er að fá þau í fyrsta skipti."

Þetta er eitt af þeim baráttumálum sem Sigrún Agnes hvetur heyrnarskerta til að berjast fyrir. Og hún brýnir fólk til dáða.

„Heyrnarskertir þurfa að vera sýnilegir, láta vita af því að þeir séu með heyrnartæki og krefjast tillitssemi. Við erum ekki að biðja um einhverja sérstaka vorkunn, það er ekki málið, og ekki heldur að litið sé á okkur sem einhverja sjúklinga eða aumingja eða neitt í þeim dúr. Bara að það sé sýnd eðlileg tillitssemi. Það á að þykja jafn eðlilegt og skynsamlegt að fá sér heyrnartæki, ef á þarf að halda, og að fá sér gleraugu."

Af hverju ákvaðst þú að hlaupa til styrktar Heyrnarhjálp?



Birgitta Björgólfsdóttir:
„Var að hlaupa mitt fyrsta hlaup í Reykjarvikurmaraþoni og hljóp fyrir Heyrnarhjálp því ég er félagsmaður þar. Ég þekki svo marga með heyrnarskaða og vill leggja baráttunni lið eins og ég get"

Ingimar Sigurðsson
„Ég ákvað að styrkja félagið vegna þess að ég á heyrnarskerta tengdaforeldra. Ég veit hvað það er mikið atriði að fólk fái að tengjast samfélaginu sem lengst þrátt fyrir skerta heyrn. Félagið beitir sér fyrir bættum hag þessa fólks og það vil ég styðja."

Þjóðfélagið er ekki vænt fyrir heyrnarskerta

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er mikilvægasta stofnunin sem sinnir málefnum heyrnarskertra. Þar stýrir skútunni Kristján Sverrisson forstjóri. Hann segir að víða sé pottur brotinn þegar kemur að málefnum heyrnarskertra.

Málefni heyrnarskertra eru flókinn frumskógur, en flestir, ef ekki allir, þeir sem tapa heyrn og þurfa að nýta sér einhver hjálpartæki, leggja einhvern tíman leið sína í Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Kristján Sverrisson forstjóri segir að baráttumálin séu mörg og víða megi bæta stöðuna.

Kristján Sverrisson.

„Eitt af því sem við höfum sérstaklega barist fyrir undanfarin ár er að hækka greiðsluþátttöku ríkisins í heyrnartækjum. Ráðherra var búinn að lofa þessu um nokkra hríð og loksins skreið það í gegn í október og þátttaka ríkisins var hækkuð úr 30.800 krónum í 50.000 krónur fyrir hvert heyrnartæki. Það munar verulega um þetta, sérstaklega fyrir eldra fólk og ellilífeyrisþega. Við höfum ítrekað séð að fólk hafði einfaldlega ekki efni á að kaupa sér heyrnartæki," segir Kristján.

Heyrnartæki eru misdýr og segir Kristján að ódýrustu tækin hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni kosti um 50 til 60 þúsund, en þau dýrustu 150 til 200 þúsund. Þau geti verið tvöfalt dýrari en það hjá einkasöluaðilum. Hann segir að þetta séu mikil fjárútlát fyrir fólk og að greiðsluþátttaka ríkisins hafi verið óbreytt frá árinu 2006. Það hafi því verið löngu tímabært að auka hana.

Svo erum við líka að kalla eftir endurskoðun á reglugerðinni um stofnunina, en hún er síðan 1978. Hún er að sjálfsögðu barn síns tíma og ég tel miklu skipta að hún verði færð til nútímans og hlutverk stofnunarinnar aðlagað nýjum tímum. Það verður að rýna í hlutverkið.

Við erum miðlæg þjónustustofnun, ríkisstofnun, sem á að þjóna landinu öllu. Þegar ég kom hingað fyrir tveimur árum sá ég að við vorum ekki að sinna því hlutverki. Starfsemi okkar er nánast að öllu leyti í Reykjavík, en síðustu tvö til þrjú árin höfum við verið með einn heyrnarfræðing á Akureyri sem starfar þar nokkra daga í viku. Í byrjun árs bætum við við starfsstöð fyrir sama heyrnarfræðing á Sauðárkróki sem verður opin annan hvern föstudag og nýverið var opnað einu sinni í mánuði á Blönduósi. Við erum þannig aðeins að víkka starfsemina út.

Það sem skortir í reglugerðarumhverfið er auðvitað eftirlitið. Mér finnst ekki eðlilegt að við sem ríkisstofnun getum nánast ákvarðað okkar verksvið, bara ein og frístandandi. Við eigum auðvitað að heyra undir velferðarráðherra og svo á Landlæknir að vera eftirlitsaðili hjá okkur og einkareknu aðilunum. Hann hefur hins vegar engin tök á að framfylgja því, þannig að í raun er ekkert eftirlit, hvorki með okkur né einkareknum söluaðilum. Þetta verður að bæta.

Ef það á að gefa meira frelsi í sölu á heyrnartækjum verður að koma til einhver stuðningur við eftilit, eins og tíðkast erlendis. Það yrði þá gæðaeftirlit með þjónustunni, sem skiptir gríðarlega miklu máli.

Heyrnarskerðing er einstaklingsbundin

Kristján nefnir dæmi um rafeindameistara sem gengur í hús og segist selja heyrnartæki, en sé í raun að selja nauðaómerkilega kínverska hljóðmagnara, sem geri ekkert annað en að magna upp allt hljóð. Reynt hafi veri að stöðva þessa sölu, en Landlæknir, Lyfjastofnun og ráðuneytið vísi málinu frá sér á þeirri forsendu að viðkomandi sé ekki skráður söluaðili heyrnartækja. Engu að síður eru tækin auglýst sem heyrnartæki.

Af hverju í ósköpunum er þá ekki hægt að taka fram fyrir hendurnar á honum, þar sem hann er að hafa gamalt fólk að féþúfu?" spyr Kristján, og bendir á að heyrnartæki séu lækningartæki.

Þegar maður fer að tapa heyrn á einhverju vissu tíðnisviði þýðir ekkert að koma með tæki sem magnar upp öll hljóð. Það gerir ekkert gagn og getur gert hlutina verri. Það þarf að laga þá tíðni sem þú ert að missa, eða taka þau hljóð, þjappa þeim og færa yfir á annað tíðnisvið. Heyrnartæki eru mjög öflugar litlar örtölvur sem spila á hljóðsviðið til að tryggja að fólk greini hljóð og þá sérstaklega tal.

Kristján segir að með aldrinum eigi margir erfitt með að fylgjast með í margmenni, allt fari í graut og erfitt sé að

greina hvað hver segir. Tækin eigi fyrst og fremst að hjálpa fólki til þess.

Það eru eiginlega engir tveir einstaklingar með nákvæmlega eins heyrnartap. Heyrnarskerðing er algjörlega einstaklingsbundin og það eru fjölmörg atriði sem ráða því hvernig og hvenær þú tapar heyrn. Það er því auðvitað lykilatriði að hver einstaklingur sé greindur nákvæmlega.

Það er hægt að tapa heyrn mismunandi á sitthvoru eyranu, þannig að þú þarft að hafa mismunandi stillingar á tækjunum. Það eru töluverð vísindi á bak við þetta og þess vegna viljum við að þetta sé allt tryggt, öflugt eftirlit sé með þessu og að sérfræðingar sjái um söluna. Reglugerðin kveður á um að löggildir söluaðilar eigi að vera með menntaða heyrnarfræðinga og læknar eigi að hafa eftirlit og fara yfir heyrnarmælingar. Það er víða pottur brotinn í framkvæmdinni.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra er einn þeirra fjölmörgu sem hafa látið mæla í sér heyrn hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Aukin samvinna æskileg

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands fékk aukafjárveitingu árið 2014 og gat komið upp færanlegri heyrnarmælingastöð í haust. Með henni hefur verið hægt að fara hringinn í kringum landið og mæla heyrn og hefur sú þjónusta mælst gríðarlega vel fyrir. Hvað fjármál stofnunarinnar varðar segir Kristján mikilvægt að horfa á húsnæðismálin.

Það brennur stórkostlega á okkur að komast út úr þessu vonlausa húsnæði sem stofnunin hefur búið við í 35 ár. Á sömu fermetrunum allan þennan tíma á meðan þjóðinni hefur fjölgað um 110 þúsund manns. Þjóðinni hefur fjölgað um 50% og við erum enn á sömu fermetrunum, þó með örlítið fleira starfsfólk sem situr líka hvert ofan í öðru.

Aðstaðan er ekki bjóðandi heilbrigðisstofnun ríkisins. Hér bilar lyftan einu sinni til tvisvar í viku, fólk situr fast tímunum saman og við þurfum að bera örvasa gamalmenni í venjulegum stólum af fjórðu hæð og niður og út og upp, þar sem hjólastólar komast ekki inn í lyftuna. Það eru ekki eldútgangar, sem er ekki í samræmi við nýjustu byggingasamþykktir. Gluggarnir halda svo hvorki veðri né vindum. Þetta er fullkomlega óboðlegt.

Vonandi stendur þetta til bóta á næsta ári, en til stendur að færa okkur og tvær aðrar stofnanir, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, í sama húsnæði. Það gefur möguleika á nánara samstarfi þessara stofnana.

Til stóð að sameina stofnanirnar og mikil vinna fór í það. Þá var Samskiptamiðstöð heyrnarskertra og heyrnarlausra inni í því líka og auðvitað sé ég mikil samlegðaráhrif með þeirri stofnun. Þessar stofnanir heyra hins vegar undir sitt hvort ráðuneytið þannig að Samskiptamiðstöðin afþakkaði sameiningu. Frumvarp um sameiningu hinna stofnananna dó síðan í vör, hagsmunahópar töldu að þjónustan yrði verri, án þess að ég hafi séð rök fyrir því hvernig það ætti að geta gerst.

Þrautalendingin var að flytja stofnanirnar saman og nú er málið hjá fjármálaráðuneytinu því samþykkja þarf útgjöld sem fylgja flutningum. Ég hef ekki séð þau inni í fjárlögum, þannig að ég óttast að þetta verði dregið af rekstrarfé okkar. Þá versnar þjónustan. Við hringlum bara í stærra húsnæði og höfum ekki efni á að gera neitt."

Má ekki vera feimnismál

Kristján segir að þjóðfélagið sé ekki vænt heyrnarskertum og heyrnarlausum og því þurfi allar þær stofnanir sem að þessum málum koma að vinna betur saman og tryggja að þær gangi í takt.

Heyrnarhjálp er til dæmis núna að berjast fyrir rittúlkun á sjónvarpsefni. Það er gríðarlega mikilvægt hagsmunamál og við höfum kannski ekki mörg úrræði nema að styðja þau í sinni baráttu. En þetta er gríðarlega mikilvægt mál.

Textun er afar lítil í íslensku sjónvarpi. Ég hitti í hverjum einasta mánuði fólk sem segist ekki ná íslensku sjónvarpsefni þó það skrúfi hljóðið í botn. Talgreiningin er of léleg. Þá er lenska hér í útvarpi að hafa tónlist undir tali og það truflar fólk, það greinir ekki talið.

Það þarf að kenna allri þjóðinni hvernig á að umgangast heyrnarskerta. Og heyrnarskertir þurfa að stíga fram og vera ófeimnir við að viðurkenna að þeir séu heyrnarskertir.

Hingað kemur fólk inn og segist gera sér grein fyrir því að það sé verulega farið að tapa heyrn, en það vilji ekki heyrnartæki. Og sé nauðsynlegt að fá heyrnartæki verði þau að vera svo pínulítil að þau sjáist ekki. Þau tæki sem eru langt inni í eyranu eru yfirleitt ekki bestu tækin fyrir einstaklinginn.

Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, með nafna sínum heilbrigðisráðherranum þegar færanlega heyrnarmælingastöðin var tekin í notkun.

Þetta er skömm sem verður að yfirstíga. Heyrnartæki eru bara hjálpartæki eins og gleraugu. Hjálpartæki fyrir þetta mikilvæga skynfæri sem heyrnin er og ekkert annað.

Það er hins vegar allt of algengt að fólk komi hingað tíu árum of seint. Ef þú ert farinn að tapa talgreiningu og þess háttar þá er erfitt að venjast tækinu. Þá heyrir þú hljóð sem þú ert hættur að heyra. Það er miklu betra að viðurkenna vandann strax og grípa inn í, þá helst heyrnin og þá fara heyrnarstöðvarnar ekki að dofna og ruglast.

Þetta er því miður töluvert feimnismál fyrir suma. Það þarf að yfirstíga. Fólk verður að þora að segja við sína nánustu og alla aðra: „Afsakið. Ég er dálítið heyrnarskertur og þarf að fá að sitja hér svo ég sjái andlitið á ykkur öllum, svo birtan falli rétt á ykkur. Það auðveldar mér að lesa svipina á ykkur. Það er nefnilega þannig að það er auðveldara að heyra orðin ef þú sérð munninn á viðmælanda þínum."

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Það getur auðveldað öllum ef fólk stígur svona fram. Það þarf að kenna öðru fólki þessi litlu atriði, eins og það að tala ekki allir í einu, svo heyrnarskertir geti betur fylgst með samræðunum.

Of fáir láta mæla heyrn

Á hverju ári eru um 13.000 afgreiðslur hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en inni í þeirri tölu eru einhverjir sem koma oft á ári. Við það bætast nýburaskimanir, en heyrn nánast allra barna sem fæðast á Íslandi er skimuð, allt að 4.500 börn á ári. Með því finnst strax ef eitthvað er að heyrn og ef grunur um heyrnarskerðingu vaknar eða málþroski er of seinn, koma börnin aftur á stöðina. Slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir geta gert mikið fyrir heyrnina.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda sem sækir þjónustu til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands segir Kristján að of fáir láti mæla heyrn sína.

Þumalputtareglan er sú að um 5% þjóðarinnar búi við svo mikla heyrnarskerðingu að þurfa heyrnarbætandi aðgerðir eða heyrnartæki Það eru 16.500 manns, en ekki nota nema 9 til 10.000 heyrnartæki.

Það er misalvarleg heyrnarskerðing innan þessa hóps. Hér á landi eru tæplega 200 manns sem eru alveg heyrnarlausir og nota táknmál, en þau sækja þjónustu að miklu leyti til Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar. Þeir sem eru mjög illa heyrandi eru svo í stöðugu eftirliti hjá okkur og meðferð og þá má þar nefna þá sem fara í kuðungsígræðslu.

Það vantar hins vegar auðvitað mannafla hjá okkur og fjármuni og það skortir töluvert upp á skilning yfirvalda í þeim efnum. Við erum algjörlega í 100% nýtingu á tíma og mannafla og getum ekki aukið við okkur nema komast í nýtt húsnæði, með bættri mæliaðstöðu og 3–4 stöðugildum í viðbót. Þetta þarf til að við getum annað eftirspurn."

Stefnum í rétta átt – þó hægt fari

Hjörtur H. Jónsson tók við sem formaður Heyrnarhjálpar á síðasta aðalfundi. Hann hefur verið virkur í félagsstarfi fyrir heyrnarskerta árum saman og setið í stjórn félagsins í nokkur ár. Hann segir tæknina vera til staðar til að létta heyrnarskertum lífið, en þó skorti á að úrræðin séu nýtt.

„Upphaflega byrjaði ég að fást við þessi heyrnarskerðingarmál þegar stelpurnar mínar byrjuðu að missa heyrn. Þær eru fæddar heyrandi og byrjuðu báðar að missa heyrn við 5 ára aldurinn og þá byrjuðu þær með heyrnartæki. Við fórum í gegnum nokkrar kynslóðir af heyrnartækjum, af því að heyrnin versnaði mjög hratt. Síðan fórum við með þær í kuðungsígræðslu og þær hafa verið með kuðungsígræðslu síðan þær voru 6–7 ára.

Við vorum svo heppin að þegar þær fóru í kuðungsígræðslu var komin það sem mætti kalla þriðju kynslóð kuðungsígræðsla, sem virkuðu miklu betur heldur en fyrstu tækin. Það hafði líka safnast upp mikil þekking á kuðungsígræðslum og hvernig þarf að vinna með þá sem fá kuðungsígræðslu til að ná árangri. Reyndar held ég að þessar rannsóknir í kringum kuðungsígræðslu hafi varpað heilmiklu ljósi á heyrnarskerðingu í leiðinni.

Það eru að verða 14–15 ár síðan þetta byrjaði og ég varð fljótlega viðloðandi Heyrnarhjálp, því að Málfríður Gunnarsdóttir, sem var framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar til margra ára, var líka formaður Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufa og við gengum strax í það. Ég sogaðist því nokkuð hratt inn í þennan heim heyrnarskertra."

Hjörtur kom því ekki ekki þá leið inn í heim heyrnarlausra sem algengust er. Langflestir heyrnarskertir eru aldraðir, en Hjörtur fylgdi dætrum sínum tveimur. Síðustu árin hefur hann einnig kynnst því að faðir hans er orðinn mjög heyrnarskertur.

„Hann er að mörgu leyti dæmigerður fyrir marga af hans kynslóð, því hann neitaði í raun að horfast í augu við að hann væri heyrnarskertur. Það er ekki fyrr en hann er kominn á efri ár að hann byrjar að nota heyrnartæki, sem hann hefði betur gert miklu fyrr.

Það er með þessi skynfæri okkar, það er heyrnina og sjónina, að þetta er að mjög miklum hluta heilastarfsemi, en ekki heilalausir skynjarar. Ef þú veist hvað þú ert að

Af hverju ákvaðst þú að hlaupa til styrktar Heyrnarhjálp?

Pétur Pétursson:
„Vill vekja athygli á þeirri hjálp sem er veitt hjá félaginu. Í fyrsta lagi er mikið af fólki sem ekki veit um þessa aðstoð og í öðru lagi þá heldur það að ekkert sé hægt að gera fyrir það, sem er mikill misskilningur."

hlusta á, þá fyllir heilinn í eyðurnar. Það er eins og með sjónina. Þú getur verið svo sjónskertur að þú þekkir ekki fólk, eða átt erfitt með að sjá stafi, en um leið og þú veist hverjir eru í herberginu þá þekkirðu þá og um leið og ef þú ert að lesa eitthvað sem þú þekkir mjög vel, eins og t.d. íslensku, þá er ekki endilega vandamál að lesa af því að heilinn fyllir upp í þar sem augun ekki sjá.

Síðan varð ég virkur í Heyrnarhjálp, mjög virkur, það eru að verða kannski 3–4 ár. Ég byrjaði á því að taka sæti í stjórn og var þar í einhver 2–3 ár áður en ég bauð mig fram í formanninn. Það var mjög lærdómsríkur tími. Þá kynnist maður betur þessu dæmigerða heyrnarleysi, eða þessu algenga heyrnarleysi, frekar en þessu sérstaka sem tengist okkar fjölskyldu mest."

Megum ekki missa af lestinni

Hjörtur segir að við lifum á mjög sérstökum tímum. Miklar framfarir hafi orðið, bæði í læknavísindum og í heyrnartækni. Möguleikarnir til að komast vel af með heyrnarskerðingu fari því hratt vaxandi. Mikilvægt sé þó að missa ekki af lestinni.

„Það er staðreynd að heyrnarleysi er almennt vaxandi, í fyrsta lagi. Það er svo mikill hávaði í umhverfinu, að við sem þjóð eða Vesturlandabúar, erum að missa meiri heyrn út af heyrnarskemmdum tengdum hávaða. Við erum líka að verða eldri, við lifum lengur, og heyrn er eitt af því sem hrörnar almennt með aldrinum, þannig að heyrnarleysi vex út af því.

Heyrnarleysi er því vaxandi, en á sama tíma hafa aldrei verið meiri tækniframfarir, bæði í læknavísindum og í heyrnartækni. Þannig að því leyti til eru möguleikarnir á að komast vel af með heyrnarskerðingu hratt vaxandi.

Það er jákvætt, en á sama tíma og þetta er að gerast, betri tækni, betri tæki, miklu fleira heyrnarskert fólk, þá er samfélagið alltaf að reyna meira og meira á heyrn. Það er ofboðslega mikil miðlun í gangi. Mjög víða þar sem miðlun er í gangi er mikið af aukahljóðum. Það er tónlist í verslunarmiðstöðvum. Í útvarpi, og meira að segja sjónvarpi, er gjarnan spiluð tónlist undir tali. Það er því verið að áreita okkur úr öllum áttum á sama tíma.

MINNINGARKORT TIL STYRKTAR HEYRNARHJÁLP

Heyrnarhjálp minnir á minningarkort félagsins.
Nú er hægt að skrá minningargjafir
á heimasíðunni, í tölvupósti eða í síma
á opnunartíma skrifstofunnar.
heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is og
www.heyrnarhjalp.is

Opið 9-12 alla morgna nema föstudaga. Sími 5515895

Fjölmiðlun er mjög hratt vaxandi. Þegar ég var unglingur var ein sjónvarpsstöð, en nú eru þær ég veit ekki hvað margar. Þjóðmálaumræðan fer mikið fram í þessum fjölmiðlum og með hjálp margmiðlunar á netinu. Þessi þróun er afar krefjandi fyrir heyrn og það er mjög víða þar sem við höfum ekki náða að nýta okkur tæknina sem skyldi."

Hjörtur segir að við séum langt á eftir samanburðarþjóðum í textun á sjónvarpsefni. BBC hafi textað meira eða minna allt sitt efni í um áratug og þar séu beinar fótboltalýsingar m.a. textaðar. Í Bandaríkjunum sé skylda að texta og þar séu meira að segja auglýsingar textaðar. Texti hafi verið til staðar í áraraðir á stafrænum gervihnattarásum, en ekki sé farið að nýta þessa tækni hér á landi að neinu marki.

„Ég held að stærsti hlutinn af skýringunni sé þekkingar- og viljaleysi, en það er líka þannig að meira að segja heyrnarlausir vita ekki almennilega hvað er í boði, því þeir fá ekki hugljómun um að það sé til einhver tækni sem hjálpi þeim. Það er enginn aðili á Íslandi sem beinlínis hefur það á sinni könnu að fylgjast með og breiða út tækni í tengslum við heyrnarskerta.

Ástandið er til dæmis betra hvað varðar sjónskerta, en þar gegnir Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda beinlínis því hlutverki að fylgjast með tækniframförum, aðstoða skólastofnanir í að innleiða tækni o.s.frv. Þar safnast skipulega saman þekking á tæknilausnum fyrir sjónskerta, en þetta er ekki til hérna fyrir heyrnarskerta. Það er þá helst Heyrnar- og talmeinastöð sem er að berjast við að sinna þessu, en hún horfir þó eðlilega mjög ákveðið á heyrnartækjahliðina. Það er hinsvegar svo margt annað sem getur hjálpað heyrnarskertum. Það er til dæmis mjög hröð þróun í forritum sem skilja tal, þannig að í rauninni gætirðu búið í dag til forrit í síma sem er þannig að þú getur beint honum að einhverjum og um leið og hann talar sérðu hvað hann er að segja. Siri frá Apple og Cortana frá Microsoft eru dæmi um nýlegan og útbreiddan hugbúnað sem skilur talmál.

Þarna þarf átak í íslenskri máltækni til að aðlaga þess nýju tækni að íslensku og breiða hana út, sem ég held að á endanum borgi sig margfalt, þó ekki væri nema fyrir það hvað heyrnarskertir myndu eiga mikið auðveldara með að bjarga sér og verða virkari.

Á sama tíma og allt þetta er að gerast, þá er stærsti hópur heyrnarskertra aldraðir, sem er einmitt sá hópur sem á erfiðast með að fylgjast með og tileinka sér nýja tækni. Þessi hópur þarf virkilega stuðningi að halda á þessu sviði og slíkur stuðuningur má ekki vera tilviljunakenndur, heldur verður hann að vera bæði virkur og vel skipulagður, sem kallar beinlínis á þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta í líkingu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þetta var eitt af því sem maður sá og sem varð til þess að mig langaði til að taka þátt í þessu starfi og reyna að beita mér."

Þarf lengri skilatíma

Annað mál sem brennur á Hirti er hvað neytendamál eru slök í tengslum við heyrnartæki og reyndar hjálpartæki almennt. Hann segir að þjónusta söluaðila geti verið ábótavant og að ótækt sé hve stórum hluta kostnaðarins sé velt yfir á notandann.

Hjörtur tekur sem dæmi að þegar verslun á netinu varð algengari voru sett sérstök lög um skilarétt á vörum keyptum á netinu. Engin lög séu hinsvegar til um skilarétt á hjálpartækjum fyrir fatlaða.

„Eitt algengasta vandamálið sem heyrnarskertir lenda í er að þeim er selt heyrnartæki, en þegar þeir eru búnir að nota þau í einn eða tvo mánuði, kemur í ljós að það virkar ekki fyrir viðkomandi. Það getur t.d. verið eitthvað sem pirrar, eða að ekki sé hægt að stilla tækin þannig að þau virki vel við algengar aðstæður, t.d. á vinnustað. En þá er ekki hægt að skila tækjunum fyrir önnur, og kostnaður einstaklingsins við ný tæki er of hár til að viðkomandi ráði við hann. Sér í lagi er kostnaðurinn langt ofan við það sem aldraðir og bótaþegar ráða við.

Algengustu tækin sem verið er að selja kosta á bilinu 200 til 500 þúsund stykkið. Það er nýbúið að hækka kostnaðarhlutdeild ríkisins í úr 38 þúsund í 50 þúsund á tæki, á fjögurra ára fresti, þannig að algeng hlutdeild notanda er á bilinu 150 til 450 þúsund á tæki."

Skortir ráðgjöf

Áform voru uppi um sameiningu Heyrnar- og talmeinastöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda og Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins, en þau áform gengu ekki eftir. Hjörtur segir að Heyrnarhjálp hafi verið spennt fyrir þessum hugmyndum og þeim möguleikum sem þær hefðu falið í sér.

„Við bundum miklar vonir við að það mundi leysa tvö af stærstu viðfangsefnunum tengdum heyrnarskerðingum í dag; í fyrsta lagi að bæta þjónustuna við þá sem fá heyrnartæki, t.d. með félagsráðgjöf og þjálfun. En líka að þarna kæmi til sögunnar öflugur aðili sem myndi safna þekkingu á tæknilausnum," segir Hjörtur, og vísar til þess að systursamtök Heyrnarhjálpar í Svíþjóð safni t.d. gríðarlega miklum upplýsingum um tæknilegar lausnir og geri kannanir á meðal notenda heyrnartækja.

Þá segir hann bagalegt að enginn félagsráðgjafi sé starfandi á Heyrnar- og talmeinastöð og að ekki sé í boði stuðningur eða þjálfun í notkun heyrnartækjanna. Fjármunir skipti miklu máli í þessum efnum, en oft og tíðum sé hægt að gera stóra hluti með litlum tilkostnaði.

„Oft er þetta bara spurning um starfsemi sem hreinlega vantar og ætti samt ekki að vera svo dýrt að koma upp. Til dæmis eins og að veita heyrnarskertum betri ráðgjöf, safna þekkingu á skipulegan hátt o.s.frv. Þetta er spurning um einhverja starfsmenn, en sennilega myndi slíkt draga það mikið úr óbeinum kostnaði við það að hafa heyrnarskerta óvirka og óvitandi um þær lausnir sem eru í boði, að það kæmi út á sléttu eða betur en það.

Ég held nú reyndar að þegar upp sé staðið þá sé þróunin í rétta átt, en hlutirnir gerast ofboðslega hægt. Stundum finnst manni að ekkert sé að breytast, en svo hugsar maður tíu ár aftur í tímann og áttar sig á því að það er ýmislegt búið að gerast. Það er orðin meiri textun í sjónvarpi. Tækin eru betri. Farsímar hafa gjörbreytt mörgu, það er tilkoma snjallsíma. En hlutirnir mættu gerast mikið hraðar. Það er sárgrætilegt að horfa upp á það hve margt heyrnarskert fólk er einhvern veginn afskipt og utanveltu, algjörlega að óþörfu, auk þess sem þetta er falin fötlun og virðist ennþá vera, ótrúlegt en satt, háð miklum fordómum."

Fjallabyggð

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

HS ORKA

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

Norrænn samstarfsnefnd heyrnarskertra

Aðalfundur og þemadagar 2015

Norræn félög heyrnarskertra hafa um alllangt skeið starfað saman að hagsmunamálum heyrnarskertra. Formlegur samstarfsvettvangur þeirra er Norræn samstarfsnefnd heyrnarskertra (Nordiska Hörselskadades Samarbetskommitté, skammstafað NHS), en að henni standa 8 félög heyrnarskertra á Norðurlöndunum. Reglulegir fundir NHS eru tveir á hverju ári, Aðalfundur og þemadagar að hausti og formannafundur að vori.

Þetta haustið voru aðalfundur og þemadagar NHS haldnir í Uppsala í Svíþjóð í lok ágúst, en fyrir hönd Heyrnarhjálpar mættu formaður og framkvæmastjóri, en þema fundarins í þetta skipti var aðgengi að heyrnartækjum og kostnaður heyrnarskertra við tækjakaup.

Dagskrá hófst á hádegi föstudags með hádegisverði , en síðan var farið í kynningarferð um Gamla Uppsala og næsta nágrenni með leiðsögumanni. Uppsala er gömul háskólaborg stutt frá Stokkhólmi, en þar hefur verið miðstöð menningar og stjórnmála frá víkingatíma. Hópurinn byrjaði á að skoða Gömlu Uppsala, en þar var höfuðstaður norrænna víkingakonunga og eru nokkrir þeirra grafnir þar í gríðarmiklum haugum. Þaðan lá leiðin inn í borgina sjálfa í gamla bæinn, þar sem við skoðuðum meðal annars háskólann og staðina þar sem kvikmyndin Fanney og Alexander var mynduð. Endað var á því að skoða dómkirkjuna í Uppsala þar sem við hlýddum á langa og viðburðaríka sögu byggingarinnar, en þar er.m.a. Gústaf Vaasa Svíakonunugur grafinn.

Á laugardag hófust þemadagar með dagskrá sem stóða frá því snemma um morguninn þangað til seint um kvöld. Fjallað var um ýmis málefni en Jan-Peter Strömgren formaður Hörselskadades Riksförbund hóf dagskrá á að fara yfir þróun heyrnartækja og annarra hjálpartækja á síðustu árum og stöðu og horfur mismunandi framleiðanda á markaði. Framleiðsla heyrnartækja einkennist m.a. af talsverðum fjölda framleiðenda, sem margir hverjir eru frekar litlir og var það mat Jan-Peters að líklegt væri að næstu ár myndu einkennast af samruna á markaði, þar sem stærri og öflugri fyrirtækin myndu gleypa þau smærri.

Þá var fjallað um endurhæfingarmiðstöð fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra í Finnlandi. Finnsku samtökin *Kuuloliitto ry* reka þessa endurhæfingarmiðstöð með stuðningi frá ríki, en þar fá heyrnarskert börn og foreldrar þeirra fræðslu og þjálfun í flestu er snýr að heyrnarskerðingu og umgengni við heyrnarskerta í 2-4 vikur á ári.

Því næst fjallaði Peter Nordqvist, forstöðumaður rannsóknarmiðstöðvar sænsku samtakanna, um niðurstöður rannsókna sem rannsóknarstofnunin gerir reglulega. Rannsóknastofnunin, sem heitir *Forskningsinstitutet Hörselbron* (**http://www.horselbron.se**), var stofnuð 2011 og hefur frá upphafi gert rannsóknir og kannanir til að fylgjast með gæðum tækja og þjónustu og árangri af stuðningi við heyrnarskerta. Þessi vinna hefur m.a. gert það að verkum að í dag er góð þekking á þjónustu mismunandi fylkja við heyrnarskerta og hvar umbóta er þörf. Einnig hefur safnast upp verðmæt þekking á því hvaða þjónusta skilar raunverulegum árangri.

Eftir hádegisverðarhlé ræddi Mattias Lundgren um

Lýsing

FROST

sænska heyrnarvernd, en að því loknu var fyrirlestur um svokallaða SMER skýrslu um greiðsluþátttöku, en SMER er Siðanefnd lækna í Svíþjóð (Svensk Medicinsk Etiska Råd). Niðurstaða SMER var í meginatriðum sú að eigin greiðsluþátttaka sjúklinga (þ.m.t. heyrnarskertra) stríði gegn markmiðum og gildum heilbrigðisþjónustunnar, sem miða að góðri heilsu og þjónustu við alla íbúa. Skýrsluna, sem er afar umfangsmikil, er hægt að finna hér: **http://www.smer.se/wp-content/uploads/2015/01/Smer-2014_1-WEBB1.pdf.**

Gamli háskólinn í Uppsala.

Þá var fulltrúi Norræna velferðarráðsins (Nordens Välfärdcenter) með erindi, en ráðið er ein af stofnunum Norræna ráðherraráðsins og hefur að markmiði að vinna að bættum félagspólitískum kjörum á norðurlöndunum. Í máli fulltrúans kom fram að Norræna velferðarráðið er með málefni daufblindra sem sérstakt áhersluatriði, en á hverjum tíma eru 4–5 megin áhersluatriði í starfi ráðsins.

Að lokum fluttu formenn erindi um stöðu mála í heyrnargeiranum eins og hún er í hverju landi fyrir sig.

Í stuttu máli þá kom fram að Finnar og Norðmenn eru í raun með frí heyrnartæki, þótt að í Finnlandi sé ekki að fullu frjálst val um tegund (framleiðanda tækis). Svíar fá niðurgreidd tæki, en bera nokkurn kostnað sjálfir. Ástandið er þó misjafnt milli fylkja í Svíþjóð, allt frá því að heyrnartæki séu í raun ókeypis yfir í umtalsverða kostnaðarþáttöku heyrnarskertra. Staða mála á Íslandi var áberandi verst, og þá ekki aðeins er kostnaður hér mikið hærri fyrir heyrnarskerta en annars staðar, heldur er þjónustan lakari og staða heyrnarskertra veikari t.d. á vinnumarkaði.

Nokkuð var rætt um textunarmál, en þau eru langt komin á flestum Norðurlöndunum, þótt barattán sé ekki unnin og t.d. var nefnt að vilji er til þess að auka textun á netinu og auka textun barnamynda sem eru með tali á móðurmáli. Finnar stefna t.d. að því að 100% textun verði í höfn árið 2016 bæði í sjónvarpi og á netmiðlum.

Þess má geta að seinnipartinn var dagskráin brotin upp með stórskemmtilegum leikþáttum með leikhópnum Teater Hipp-Happ (**https://www.facebook.com/teaterhipphapp**), en í leikhópnum eru einungis heyrnarskertir og heyrnarlausir leikarar.

Á sunnudeginum voru síðan leiðinlegu, en nauðsynlegu, mál hvers aðalfundar tekin fyrir, en þeim degi lauk með því að Norðmenn tóku formlega við forustu samstarfsnefndarinnar næstu 2 árin.

Hjörtur H. Jónsson.

Grafaugar víkingakonunga í Gamla Uppsala.

Heyrnarhjálp þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn

REYKJAVÍK

Faxaflóahafnir sf
Tryggvagata 17

Fiskmarkaðurinn ehf
Aðalstræti 12

Ögurvík hf
Týsgötu 1, 2 hæð.

Úti og inni sf
Þingholtsstræti 27

Kopar Restaurant ehf.
Geirsgötu 3

Danica sjávarafurðir ehf
Suðurgötu 10

Sjá-viðmótsprófanir ehf, 1. hæð
Laugavegi 13

Eggert Kristjánsson hf
Skútuvogi 3

Garðmenn ehf
Skipasundi 83

Nýi ökuskólinn ehf
Klettagörðum 11

Hótel Örkin sjómannaheimili
Brautarholti 29

Tannréttingar sf
Snorrabraut 29

Efling stéttarfélag
Sætúni 1

Teiknistofan Arkitektar ehf
Brautarholti 6

Verðbréfaskráning Íslands hf
Laugavegi 182

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12 -14

Árni Reynisson ehf
Skipholti 50d

Guðmundur Jónasson ehf
Borgartún 34

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12

Landssamtök lífeyrissjóða
Guðrúnartúni 1

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Skógarhlíð 14

Aðalhreinsir-Drífa ehf
Hringbraut 119

Eignamiðlunin ehf
Grensásvegur 11

Garðs Apótek ehf
Sogavegi 108

Aðalvík ehf
Ármúla 15

Suzuki-bílar hf
Skeifunni 17

Svínahraun ehf
Heiðarseli 7

Ökuskólinn í Mjódd ehf.
Þarabakka 3

Höfðakaffi ehf
Vagnhöfða 11

Orkuvirki ehf
Tunguhálsi 3

Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja,SSF
Nethylur 2 e

Rafsvið sf
Viðarhöfða 6

Ósal ehf
Tangarhöfða 4

Össur Iceland ehf
Grjóthálsi 5

Félag bókagerðarmanna
Stórhöfða 31

Eignaskipting ehf
Unufelli 34

Matthías ehf
Vesturfold 40

Efnamóttakan hf
Gufunesi

Læknisfræðileg myndgreining ehf
Pósthólf 8050

KÓPAVOGUR

Bílamálunin Varmi ehf
Auðbrekku 14

Rafholt ehf
Smiðjuvegi 8

Veitingaþjónusta Lárus Lofts
Nýbýlavegi 32

Arnardalur sf
Þinghólsbraut 58

ALARK arkitektar ehf
Dalvegi 18

Rafbraut ehf
Dalvegi 16b

Vetrarsól ehf
Askalind 4

Rafmiðlun hf
Ögurhvarfi 8

GARÐABÆR

VAL-ÁS ehf
Suðurhrauni 2

Pípulagnaverktakar ehf
Miðhraun 18

Geislatækni ehf,Laser-þjónustan
Suðurhrauni 12c

Garðabær
Garðatorgi 7

HAFNARFJÖRÐUR

Tannlæknast Harðar V Sigmars sf
Reykjavíkurvegi 60

Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjavíkurvegi 64

VSB-verkfræðistofa ehf
Bæjarhrauni 20

Promens Tempra ehf
Íshellu 8

Ísrör ehf
Hringhellu 12

REYKJANESBÆR

DMM Lausnir ehf
Hafnargötu 91

Rafiðn ehf
Víkurbraut 1

Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14

Suðurflug ehf
Bygging 787, Keflavíkurflugv.

Kaffitár ehf
Stapabraut 7

Starfsmannafélag Suðurnesja
Krossmóum 4

GARÐUR

Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

MOSFELLSBÆR

Álafosskaffi Mosfellsbæ
Álafossvegi 27

Íshamar verktakar ehf
Álafossvegi 27

AKRANES

Gylfi Þórðarson
Kirkjubraut 28

BORGARNES

Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Brákarbraut 20

Samtök sveitarfélaga Vesturlands
Bjarnarbraut 8

ÍSAFJÖRÐUR

Þröstur Marsellíusson ehf
Hnífsdalsvegi 27

BOLUNGARVÍK

Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Hafnargötu 17

PATREKSFJÖRÐUR

Oddi hf
Eyrargötu 1

TÁLKNAFJÖRÐUR

Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Bugatúni 8

HVAMMSTANGI

Steypustöðin Hvammstanga ehf
Melavegi 2

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5

BLÖNDUÓS

Húnavatnshreppur
Húnavöllum

SKAGASTRÖND

Sveitarfélagið Skagaströnd
Túnbraut 1-3

SAUÐÁRKRÓKUR

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1

K-Tak ehf
Borgartúni 1

Steypustöð Skagafjarðar ehf.
Skarðseyri 2

AKUREYRI

Vélsmiðjan Ásverk ehf
Grímseyjargötu 3

Raftákn ehf
Glerárgata 34

Lögmannshlíð lögfræðiþj ehf
Pósthólf 271

Vélaleiga Halldórs G Bald ehf
Freyjunesi 6

Baugsbót ehf
Frostagata 1b

Húsprýði sf
Múlasíðu 48

DALVÍK

Ektafiskur ehf
Hafnargötu 6

HÚSAVÍK

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
Hrísateigi 5

Steinsteypir ehf
Stórhóli 71

RAUFARHÖFN

Önundur ehf
Aðalbraut 41a

EGILSSTAÐIR

Fljótsdalshérað
Lyngási 12

SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargata 44

NESKAUPSSTAÐUR

Síldarvinnslan hf
Hafnarbraut 6

SELFOSS

Bisk-verk ehf
Bjarkarbraut 3 Rh

HVERAGERÐI

Hveragerðiskirkja
Pósthólf 81

HVOLSVÖLLUR

Krappi ehf
Ormsvöllum 5

VÍK

Mýrdælingur ehf
Suðurvíkurvegi 5

VESTMANNAEYJAR

Vöruval ehf
Vesturvegur 18

Vélaverkstæðið Þór ehf
Norðursundi 9

Langa ehf
Eiðisvegi 5

Karl Kristmanns umboðs- og heildv ehf
Ofanleitisvegi 15

Frár ehf
Hásteinsvegi 49

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegur 28

TAKTU ÁBYRGÐ
VERNDAÐU HEYRNINA!



HEYRNARHJÁLP

Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík. Sími 551-5895

Er dálítill aktívisti í mér

Snædís Rán Hjartardóttir er ung baráttukona sem stundar nám í stjórnamálafræði. Hún hefur vakið athygli fyrir skeleggan málflutning, en leiðist að vera kölluð hetja og segist aðeins vera að sinna lýðræðislegri skyldu sinni.

Snædís er á fyrsta ári í stjórnmálafræði og ber háskólanum vel söguna. Hún er dauflblind og hreyfihömluð, en sækist námið í skólanum vel.

„Háskólinn gerir allt sem í hans valdi stendur til að ég geti tekið þátt í þessu námi, allt frá túlkun yfir í lengri próftíma, glósuvini og ýmislegt fleira. Skólinn er með mjög gott jafnréttisviðhorf. Til dæmis spyr námsráðgjafinn aldrei af hverju ég þarf eitthvað, heldur gengur bara í að bjarga því," segir Snædís. Það hefur þó ekki alltaf gengið þrautalaust að fá túlka til að taka þátt í viðburðum á vegum skólans.

„Það hefur stundum gengið illa þegar kemur að félagslífinu. Ég fékk til dæmis einu sinni ekki túlka fyrir vísindaferð, en ákvað að fara samt. Það gekk kannski ekki sérstaklega vel, en ég gat notað iPad-inn og látið aðstoðarmanneskjuna skrifa allt. Ég hitti þar fólk í Vinstri grænum og þetta hefur greinilega farið eins og eldur í sinu innan flokksins, þar sem ég var beðin að tala á landsfundi þeirra.

Mér fannst hins vegar mikilvægt að fara, þó ég væri ekki með túlk, maður vekur mun meiri athygli þannig. Ef maður mætir ekki, þá veit enginn að það hafi verið vandamál að mæta."

Snædís segir hins vegar að samnemendur hennar hafi tekið henni vel frá fyrstu stundu.

„Frá fyrstu stundu eftir að ég hitti fólkið í Pólitíka, nemendafélagi stjórnmálafræðinnar, fann ég að það var mikill vilji til að gera allt betra. Til dæmis ef ég skrái mig í vísindaferð er valinn skemmtistaður með aðgengi. Stundum er reyndar bara verið að rápa í bænum, en það er ekkert mál að sannfæra þá sem ég er með um að fara frekar á skemmtilega staði. Svo er líka bara mikill vilji til að mæta þörfum mínum. Mér líkar þetta félagslíf vel.

"Þarf að ýta á eftir ríkinu Snædís hefur mikinn áhuga á stjórnmálum og segir stjórnmálafræðina henta sér vel. Henni finnst mikilvægt að berjast fyrir sínum sjálfsögðu réttindum, enda vill hún geta tekið þátt í samfélaginu eins og allir aðrir. Hún segir það oft og tíðum baráttu, en fari þó eftir aðstæðum og við hverja þurfi að tala.

„Mér finnst stjórnmálafræðin passa vel við það sem ég hef verið að bralla síðustu ár. Það væri fínt að vita meira og vera meiri aktívisti," segir hún. En hvað hefur Snædís verið að bralla síðustu ár?

„Það er nú ýmislegt. Á síðasta ári fór ég til Kanada og fór á kanó. Mig langaði að athuga hvort ég gæti verið úti í náttúrunni í nokkra daga. Það reyndist rétt, ef maður hugsar bara lausnamiðað.

Fyrir nokkrum árum var ég í hópnum Skytturnar þrjár og við gerðum skýrslu um aðgengi á Laugaveginum. Já, svo fór ég líka í mál við ríkið. Ég hef gert ýmisleg fleira, sem ég man ekki eftir í augnablikinu."

Snædís segir að það sé mikilvægt að berjast fyrir betra samfélagi, þó það verði aldrei fullkomið. En hvernig kom þessi málssókn gagnvart ríkinu til?

„Túlkasjóður var tómur fyrir jól og reyndar aftur í sumar. Fyrir jól ákvað ég að kaupa mér engu að síður túlkun, því ég vildi ekki missa af, og ég kærði ríkið í kjölfarið fyrir að veita ekki þjónustu, auk þess sem ég krafðist endurgjalds fyrir útlögðum kostnaði hjá mér.

Ég fékk flýtimeðferð og svo var dæmt í málinu í júlí. Niðurstaðan er sú að aðalástæðan fyrir því að ríkið þarf að borga skaðabætur er vanræksla á að setja lög og reglur til að tryggja þjónustuna. Það er heldur engin lágmarksþjónusta að notandi þurfi að borga kannski 50 þúsund fyrir þriggja klukkutíma túlkun. Það er líka mikil mismunun eftir árstíma á því hvort hægt er að fá túlka.

Mín reynsla er sú að maður fær ekki þjónustuna bara einn, tveir og þrír, alla vega ekki við þær aðstæður sem nú eru uppi. En með því að kæra er líka verið að krefjast þess að ríkið hafi frumkvæði að því að veita þjónustu, en sé ekki að bíða eftir því að einhver kæri."

Snædís segir að ekki hafi mikið breyst á þeim nokkru mánuðum sem liðnir eru frá dómnum. „Ég er allavega að bíða eftir að eitthvað gerist í túlkamálum. En það mun kannski allt breytast á næsta ári. Ef ekki þá verða bara fleiri kærur."

Lýðræðisleg skylda

Snædís er stórhuga þegar kemur að framtíðinni, vill nýta sér námið til að gera heiminn betri. Hún hefur mikinn áhuga á alþjóðastjórnmálum og vill koma fötlunarmálum betur inn í þau.

„Ég get vel hugsað mér að fara í framhaldsnám, en ætla þó ekki að leiða hugann of mikið að því strax. Mig langar helst að vinna á alþjóðlegum vettvangi, ég held að ég sé pínu aktvísti í mér," segir Snædís. Hún er þó ekki alveg tilbúin að skrifa upp á að hún sé á leið í framboð, en hún segir gríðarlega mikilvægt að fylgjast með og ýta á eftir ríkinu.

„Það er reyndar skylda allra að fylgjast með ríkinu, lýðræðisleg skylda, en ég neita því ekki að það getur verið þreytandi að hafa eftirlit. Sérstaklega þar sem oft er verið að gera eitthvað annað en maður vill. Það er gott að kæra ef maður veit að baráttumálið er mikilvægt. Ef enginn kærir þá gerist ekkert, tja nema kannski með því að fara í framboð."

Snædís segir að margt hafi breyst til hins betra hvað varðar viðhorf til fatlaðra, en víða sé þó pottur brotinn.

„Að sumu leyti hefur ástandið skánað, en margt hefur ekki breyst. Til dæmis er enn verið að líta á mig sem hetju, eins og venjulega. Ég er hætt að finna fyrir því að ég sé eitthvað fræg og álitin hetja, enda er ég ekki manneskja sem tekur því sem einkunn. Hins vegar er þetta frekar skrýtið viðhorf.

Ég hef ekki bjargað neinum sem er í höndum einhverra vondra manna, eða annað þvíumlíkt. Allavega ekki ennþá. En viðhorfið er oft og tíðum þannig að annað hvort sé maður hetja eða aumingi."

En kannski vill fólk bara hafa góða fyrirmynd?

„Já, ég lendi allavega oft í því að vera fyrirmynd. Kannski ekki alveg venjuleg fyrirmynd, en það er það nú svo sem enginn í raun og veru."

Vilt þú gerast félagi í Heyrnarhjálp?

www.heyrnarhjalp.is
heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is
Sími: 551-5895

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FULLKOMIÐ SAMBAND MEÐ COM-DEX

COM-DEX er nýr, glæsilegur, handfrjáls tengibúnaður frá Widex sem streymir hljóði í hágæðum beint í Widex heyrnartækin þín. Þú hengir tækið um hálsinn og það tengist sjálfvirkt á þráðlausan máta við heyrnartækin þín.

COM-DEX er afar einföld og fullkomlega handfrjáls lausn.

- Þægileg og einföld samtalstækni
- Auðvelt að stjórna
- Fæst í 3 fallegum litum
- Passar við flest heyrnartæki frá Widex: UNIQUE, DREAM, CLEAR og SUPER.

Available on the App Store

Google play

Auðvelt að stjórna með COM-DEX Appinu

Nú fæst einfalt app (smáforrit fyrir snjallsíma) sem gerir þér kleift að hækka og lækka hljóðstyrk og skipta á milli hljóðkerfa heyrnartækjanna. Þú stýrir heyrnartækjunum með snjallsímanum í gegnum COM-DEX appið. Hlaða má COM-DEX appinu niður í síma ókeypis úr App Store eða Google Play.

Vilt þú einfalda og nær ósýnilega lausn sem streymir hljóði beint úr snjallsímanum í heyrnartækin?

CALL-DEX er einstaklega smár og snjall aukabúnaður sem streymir símtöl, tónlist og annað hljóð beint úr símanum í heyrnartækin. CALL-DEX er lítt áberandi búnaður sem tengist beint í útganginn á símanum. Síðan notar þú símann á venjulegan máta. Engar snúrur og allir geta tengt búnaðinn. COM-DEX streymir hljóð í allt að 80 klst, og passar við flestar tegundir farsíma.

KOMIÐ OG SJÁIÐ NÝJUSTU DEX TÆKIN OG ANNAN AUKABÚNAÐ
RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTA!

Söluaðili: HEYRNAR- OG TALMEINASTÖÐ ÍSLANDS - Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavik – s:581 3855 – www.hti.is

Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en síar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni.

Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Siemens heyrnartækin

Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is